



GARÐUR

FRAMKVÆMDALEYFI

Heiti framkvæmdarleyfis:

Fitjalína 2 – 132 kV jarðstrengur

Leyfishafi:

Landsnet hf., kt. 580804-2410
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Leyfisveitandi:

Sveitarfélagið Garður, kt. 570169-4329
Sunnubraut 4
250 Garður

Framkvæmdaraðili:

ÍSTAK hf., kt. 540671-0959
Bugðuflijóti 19
270 Mosfellsbær

Eftirlitsaðili framkvæmda:

Verkifræðistofa Suðurnesja, kt. 630580-0619
Víkurbraut 13
230 Reykjanesbær

Fyrirliggjandi gögn:

- Umsókn dags. 5. janúar 2015 ásamt meðfylgjandi greinargerð með verklýsingu framkvæmdar og mannvirkja ásamt útboðsteikningum og yfirlitsmyndum.
- Leyfi Orkustofnunnar til Landsnets um að reisa og reka flutningsvirki milli Fitja og Helguvíkur dags. 14. desember 2011.
- Staðfesting Orkustofnunnar á ofangreindu leyfi til Landsnets dags. 18. nóvember 2014.

Útgáfa framkvæmdarleyfis:

Með vísan til samþykktar skipulags- og bygginganefndar sveitarfélagsins Garðs 24. febrúar 2015 og staðfestingu bæjarstjórnar 4. mars 2015 er hér með veitt framkvæmdarleyfi fyrir **Fitjalínu 2, 132 kV jarðstreng**. Einnig verður lagður ljósleiðari meðfram áðurgreindum jarðstreng.

Lagnaleiðin liggur um sveitarfélögin Reykjanesbæ og Garð og er að hluta innan skipulagssvæðis Keflavíkurflugvallar. Leiðin er í fullu samræmi við aðalskipulag allra ofangreindra aðila.

Ofangreind strengleið frá Fitjum að Helguvík er um 8,5 km löng og fellur því ekki undir 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000

Framkvæmdarleyfið er veitt á grundvelli 13 og 14 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerðar um framkvæmdarleyfi nr 772/2012, með þeim takmörkunum og skilmálum sem að neðan greinir.

Staðsetning framkvæmdar:

Jarðstrengurinn nær frá Fitjum að Stakki í Helguvík. Eftir u.þ.b. 4.400 m kemur strengurinn inn í land Garðs norðan við hringtorg hjá Rósaselstjörnum. Móts við tjarnirnar þverar strengurinn Reykjanesbrautina og stefnir í átt að Garðskagavegi. Þar fylgir hann veginum innan veghelgunarsvæðis í átt að Stakksbraut. Eftir u.þ.b. 6.000 m. fer strengurinn yfir landamörk Garðs og Reykjanesbæjar og alla leið að Stakksbraut, sem tilheyrir iðnaðarsvæðinu við Helguvík. Alls eru u.þ.b. 1.600 m sem liggja um landssvæði Garðs.

Lýsing framkvæmdar og mannvirkja:

Lagður er 132 kV jarðstrengur sem samanstendur af af þremur einleiðurum, einum fyrir hvern fasa, og er hver þeirra um 9 cm í þvermál. Grafinn verður skurður fyrir fyrir strengina á um 1,2 m dýpi, strengnum komið fyrir á skurðarbotninum með þríhyrningsuppröðun, þeir þaktir sandi og öryggisborði settur yfir til varnar. Loks er fyllt í skurðinn og strengleiðin merkt.

Þar sem leiðarar í strengnum tengjast saman verða grafnar sérstakar tengiholur. Sett verða plön við tengiholur 6x25 m þar sem þykkt á burðarlagi verður 0,4 m. Öll vinnuplön meðfram strengleiðinni skal fjarlægja að lokinni framkvæmd. Við slóðagerð skal halda raski á núverandi yfirborði í lágmarki og leitast skal við að nota núverandi vegslóða þar sem það er mögulegt.

Að öðru leiti skulu framkvæmd og mannvirki vera í fullu samræmi við *Kafla 4. Almenn lýsing framkvæmdar*, í umsókn um framkvæmdarleyfi sem og samkvæmt þeim yfirlitsmyndum og útboðsteikningum sem fylgja sömu umsókn.

Önnur skilyrði leyfisveitanda:

Fylgja skal í vandlega áætlun leyfishafa skv. *kafla 5 Öryggis-, heilbrigðis- og umhverfisáætlun* í umsókn um framkvæmdarleyfi.

Tilkynna skal leyfisveitanda með fullnægjandi hætti allar breytingar sem kunna að verða á framkvæmd.

Leyfishafi skal tryggja að gætt verði ákvæða laga um náttúruvernd, laga um menningarminjar og annarra laga og reglugerða sem til álita koma.

Framkvæmdarleyfisgjald:

Framkvæmdarleyfisgjald er kr. 75.000,- og er ein eftirlitsferð innifalin í framkvæmdarleyfisgjaldi. Hver eftirlitsferð umfram eina ferð er kr. 25.000,-.

Gildistími framkvæmdarleyfis:

Framkvæmdarleyfið tekur gildi við útgáfu þess 4. maí 2015 og fellur úr gildi 1. maí 2016. Ef framkvæmdum líkur fyrir fellur það sjálfkrafa og samstundis úr gildi.

Garður, 4. maí 2015



Jón Ben Einarsson, sviðsstjóri skipulags- og byggingarmála